

Skipulagsstofnun

Laugavegi 166
105 Reykjavík

Reykjavík, 22. apríl 2025
Tilv.:2504592 / HZ

**Efni: Skipulagsmál - Stækkun landeldisstöðvar í Vestmannaeyjum, nr. 0486_2025
Kynning matsáætlunar (Mat á umhverfisáhrifum) - Beiðni um umsögn**

Samgöngustofu hefur borist til umsagnar matsáætlun vegna fyrirhugaðrar stækkunar landeldisstöðvar í Vestmannaeyjum.

Þegar leitað var umsagna um fyrirhugaða framkvæmd við landeldisstöð í Vestmannaeyjum árið 2022, sendi Samgöngustofa inn umsögn þar sem lýst var áhyggjum af því að fyrirhuguð framkvæmd myndi skyggja á Urðarvita og þar með minnka öryggi siglinga við Vestmannaeyjar.

Skipulagsfulltrúi Vestmanneyjabæjar fór sérstaklega yfir athugasemdir Samgöngustofu og Vegagerðarinnar og sagði m.a. í pósti til stofnananna:

”Vestmannaeyjabær vill að sjálfsögðu tryggja öryggi sjófarenda og bregst því við athugasemdinni með breytingu á auglýstum tillögum sem hér segir.

- Í aðalskipulagsbreytingunni er bætt við skilmála þess efnis að mannvirki megi ekki rísa
- hærra en 15 metrum yfir plan, sem áskilið er að sé í 4-6 metra hæð yfir sjó. Það tryggir að
- sýn að vitanum frá innsiglingunni verði ekki byrgð.
- Í deiliskipulagi er bætt við skilmála um að ljóskösturum megi ekki beina í átt að
- innsiglingunni, til þess að ljósmerki frá Urðavita truflist ekki.

Vestmannaeyjabær gerir ráð fyrir að hækka megi ljós Urðavita ef þörf krefur, til þess að tryggja enn frekar óhindraða sjónlínu sjófarenda að vitanum, miðað við allt að 15 metra há mannvirki í Viðlagafjöru.”

Í matsáætlun sem nú hefur verið lögð fram er ekki minnst á Urðarvita og öryggi siglinga við Vestmannaeyjar og telur Samgöngustofa að skoða þurfi þann þátt vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Virðingarfyllt

Halldór Ó. Zoëga
Deildarstjóri Skipa- og hafnaeftirlits

Akureyri, 02.05.2025

Tilvísun: 2504326

Umsögn Matvælastofnunar um matsáætlun Laxeyjar hf. um fyrirhugaða stækkun landeldisstöðvar í Vestmannaeyjum.

Vísað er í beiðni Skipulagsstofnunar, dagsett 7. apríl 2025, um umsögn Matvælastofnunar vegna matsáætlunar Laxeyjar hf. vegna stækkunar landeldisstöðvar í Vestmannaeyjum. Óskað er athugasemda um hvernig framkvæmdaraðili hyggist vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar.

Laxey hf. (hér eftir nefnt framkvæmdaraðili) hyggst stækka landeldisstöð sína í Viðlagafjöru, Vestmannaeyjum. Núverandi leyfi framkvæmdaraðila er fyrir 7.000 tonna hámarkslífmassa en áformin snúast um að auka hámarkslífmassa í 22.000 tonn á ári. Reiknað er með að ársframleiðsla eldisins í fullum afköstum geti orðið allt að 42.000 tonn á ári. Einnig eru áform um að reisa seiðastöð þar sem hámarks lífmassi verður allt að 300 tonn. Áætluð vatnspörf framkvæmdar er 28 m³ /sek af jarðsjó og er áætlað að framkvæmdin þurfi um 3 l/sek af ferskvatni. Framkvæmdaraðili hyggst búa til ferskvatn með RO-síun auk þess að fá umframvatn frá veitum bæjarins. Framkvæmdaraðili áformar að áfangaskipta uppbyggingunni og verði hún byggð upp í sex áföngum (leyfi þegar í gildi fyrir fyrsta áfanga). Gert er ráð fyrir að eldisstöðin nái fullum afköstum eftir árið 2032. Við fullan rekstur mun stöðin samanstanda af 48 eldiskerjum og 30 sveltikerjum. Áætluð vatnspörf miðað við fullan rekstur er um 28 m³ /sek og er reiknað með að þörf sé á 74 borholum til að anna vatnspörf eldisins. Áætluð raforkuþörf um 20 MW.

Matvælastofnun hefur farið yfir matsáætlun framkvæmdaraðila og hefur eftirfarandi athugasemdir.

Í kafla 4.14. er fjallað um leyfi sem framkvæmdin er háð. Að mati Matvælastofnunar er ekki gert grein fyrir leyfi vegna fiskvinnslu sem fjallað er um m.a. í kafla 4.13 og mun verða með afkastagetu upp á 80-100 tonn á dag. Gera þurfi betur grein fyrir þessum þætti framkvæmdarinnar þar sem gert er ráð fyrir henni á athafnasvæði eldisins.

Í kafla 4.3 er fjallað um eldisáætlun og líffræðilega rekstrarþætti. Að mati Matvælastofnunar þarf að fjalla betur um áformað seiðaeldi. Í kaflanum er talað um að seiði inn í framleiðslu verði 4-6 milljónir á ári og eftir seiðastig taki eldið 12 mánuði í sláturstærð. Gera þarf betur grein fyrir eldisáætlun framkvæmdaraðila og hvernig hægt er að ná 47.000 tonna ársframleiðslu með 4-6 milljónum seiða. Í kaflanum er jafnframt talað um að þéttleika verði haldið undir 75/kg m³. Matvælastofnun bendir á að í reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirliti með eldisstöðvum kemur fram í kafla IV 14. gr. að miða skuli við að ásetningur í áframeldi í laxeldi fari ekki yfir 25 kg/m³. Í áframeldi til slátrunar ber þó að taka tillit til gæða og meðhöndlunar á eldisvökva við stýrðar aðstæður í strandeldisstöðvum til rýmkunar krafna um þéttleika. Einnig þarf að tilgreina hvort eigi að vera með sér leyfi fyrir seiðaeldið.

Í kafla 4.6 er fjallað um fráveitu og hreinsun. Að mati Matvælastofnunar þarf að gera betur grein fyrir útreikningum á bak við notkun á fiskifóðri og því magni sem áætlað er að falli til vegna losunar. Í kafla 4.3 er talað um að með 47.000 tonna fóðurnotkun falli til 4.700 tonn/þurrvigt af fiskimykjju, að mati Matvælastofnunar þarf að gera betur grein fyrir losuninni og þá í samhengi við töflu 4.1. Hve mikið er tekið upp af eldisfisk af lífrænum efnum, hve mikið fellur til fyrir og eftir hreinsun. Tölur í töflu 4.1 virðast ekki fara saman við áætluð 4.700 tonn/þurrvigt. Einnig þarf að mati stofnunarinnar að gera grein fyrir því með hvaða hætti fiskimykjunni verður ráðstafað þar sem tilgangur þess að fráveitan sé hreinsuð sé að draga úr staðbundnum áhrifum eldisins á viðtaka.

Í kaflanum er einnig fjallað um að um 2-4 % af eldisfiski muni drepast og verði um 300-350 tonn á ári. Matvælastofnun upplýsir hér með að sækja þarf um skráningu á vinnslu og/eða geymslu á aukaafurðum dýra í þjónustugátt stofnunarinnar á www.mast.is (umsókn 1.07).

Í kafla 4.8 er fjallað um sjúkdómsvarnir, lyfja og efnanotkun. Matvælastofnun telur að grunnforsendur til að stuðla að góðri velferð og smitvörnum séu gerð góð skil. Stofnunin mun þó kalla eftir smitvarnaráætlun er kemur að umsókn um rekstrarleyfi. Slík áætlun þarf að vera rýnd og formlega samþykkt af Matvælastofnun (MAST) áður en endanleg ákvörðun um rekstrarleyfi verður tekin. Að þessu undanskildu hefur stofnunin engar efnislegar athugasemdir við þessa matsáætlun Laxey í tengslum við fyrirhugaða stækkun hvað varðar þætti sem snúa að heilbrigði og velferð.

Í kafla 4.10 er fjallað um varnir gegn slyssasleppingum. Að mati Matvælastofnunar er ágætis umfjöllun um fiskheldni stöðvarinnar og varnir gegn stroki. Stofnunin vil árétta að í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi kemur fram að í rekstrarleyfi fiskeldisstöðva á landi skuli kveðið á um að gildistaka þess sé háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.

Matvælastofnunar gefur út rekstrarleyfi til fiskeldi og hefur eftirlit með rekstri og búnaði í samræmi við lög um fiskeldi, nr. 71/2008, og reglugerð um fiskeldi, nr. 540/2020, auk þess sem stofnunin hefur eftirlit með velferð og fisksjúkdómum og forvörnum gegn þeim, í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Virðingarfyllt,
f.h. Matvælastofnunar



Steinar Rafn Beck Baldursson
Fagsviðsstjóri leyfamála



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

Garðabær, 2. maí 2025
202504-0063/A.B.
08.03

Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum - Matsáætlun - Stækkun landeldisstöðvar í Vestmannaeyjum.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 7. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um ofangreinda matsáætlun fyrir stækkun landeldisstöðvar í Vestmannaeyjum.

Framkvæmdarlýsing

Í erindinu kemur fram að Laxey hf. áformar að stækka landeldisstöð sína við Viðlagafjöru í Vestmannaeyjum og sækja um leyfi fyrir allt að 42.000 tonnum á ári. Núverandi leyfi heimilar hámarks lífmassa upp í allt að 7.000 tonnum en eftir stækkun verði hámarks lífmassi í stöðinni allt að 22.000 tonn í fullum rekstri. Einnig eru áform um að reisa aðra seiðaeldisstöð á athafnarsvæði vestan við Viðlagafjöru þar sem hámarks lífmassi verði allt að 300 tonn.

Hraun

Í greinargerð segir að Fyrirhuguð stækkun stöðvarinnar í Viðlagafjöru er að öllu innan þess svæðis sem þegar hefur verið raskað. Auk þess er fjallað um breytingar landnotkunarreits athafnarsvæðis AT-2 í iðnaðarsvæði I-4. Iðnaðarsvæðið verður staðsett að mestu leyti á þegar röskuðu svæði í Eldfellshrauni, þar sem áður var rekin hraunhitaveita. Einnig segir að fyrirhuguð stækkun stöðvarinnar muni vera innan þess svæðis sem kynnt var í fyrra umhverfismati og hefur því svæði nú þegar verið raskað. Framkvæmdaraðili mun halda áfram að tryggja það sem áður hefur verið kynnt, þ.e. forðast að raska hraunmyndunum utan framkvæmdarsvæðis.

Eins og kemur fram nýtur hraunið á framkvæmdarsvæðinu sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um náttúrufyrirbærin í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef framkvæmdin gerir ráð fyrir röskun á náttúrufyrirbærunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir

réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Náttúruverndarstofnun bendir á að þó að framkvæmdasvæðið sé aðeins brot af heildarstærð hraunsins og þó að nærliggjandi svæðum hafi verið raskað þá réttlætir það ekki frekara rask.

Eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruvirkibærni sem verða fyrir röskun.

Stofnunin áréttar að þar sem ekki er hægt að forðast rask á vistgerðum með verndargildi eða svæðum undir sérstakri vernd er góður frágangur rasksvæða og fullnægjandi mótvægisáðgerðir forsendur þess að umhverfisáhrif framkvæmdar verði ekki umtalsverð.

Fuglalíf

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdarsvæðið og jaðarsvæði þess sé kortlagt, fjallað sé um hversu mikið af búsvæðum muni tapast og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á búsvæði fuglanna. Þó framkvæmdirnar séu ekki á ríkulegu búsvæði þrengja þær þó að einhverju leyti að búsvæðum og áhrifasvæði landeldisins færist nær jöðrum annarra búsvæða. Stækkun landeldisstöðvarinnar og aukin umsvif hennar leiða af sér aukna umferð, hávaða- og ljósmengun sem allt getur haft áhrif á fuglalíf þó beint búsvæðatap sé lítið. Líkt og kemur fram í matsáætluninni laðast ungfuglar, sérstaklega lundapysjur, að ljósum í byggð og geta lent í hremmingum þar. Einnig þarf að mati stofnunarinnar að athuga hvort að framkvæmdin fæli fugla frá svæðinu og valdi hindrunum á farleiðum og flugi fugla sem sækja æti í sjó.

Náttúruverndarstofnun bendir á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart

villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Náttúruminjaskrá

Náttúruverndarstofnun bendir á að eins og kemur fram í greinargerð að framkvæmdin nær til svæðis sem er á náttúruminjaskrá, nr. 235, og nefnist það Hvalfjarðarströnd. Því er lýst sem „fögur strandlengja með fjölbreyttu landslagi og ríku fuglalífi.“ Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að svæði á náttúruminjaskrá sé sér umhverfispáttur í umhverfismati og að framkvæmdin hafi ekki neikvæði áhrif á svæðið og rýri verndargildi þess. Því þarf m.a. fjalla ítarlega um fráveitulagnir og frágang þeirra og áhrif þeirra á ströndina.

Úrgangur

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um hvaða þættir fráveitu geta haft áhrif á lífríki og hver áhrif fráveitu verða. Sömuleiðis er mikilvægt að fjallað sé um úrgangsmeðhöndlun (fiskimýkju/seyru/fastefnis). Ef gert er ráð fyrir því að dreifa úrganginum sem áburði er mikilvægt að það komi fram hvar það verði gert og hvaða umhverfisáhrif sú dreifing kunni að hafa.

Þar sem fyrirhuguð framkvæmd er innan mikilvægs fuglasvæðis og við kjörvistgerðir fyrir fugla sem eru ábyrgðartegundir Íslands og hefur fækkað mikið á síðustu árum er mikilvægt að hvorki fráveita né úrgangsmeðhöndlun geti laðað að hræ- eða alætur líkt og máfugla sem hafa mikil áhrif á varp, fæðukeðju og vistkerfi í heild. Stofnunin tekur undir álit Skipulagsstofnunar við fyrra umhverfismat sem snýr að þessum þætti (bls. 47–48 í matsáætluninni).

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Fróði Guðmundur Jónsson
sérfræðingur

Skipulagsstofnun
Bt. Jóhönnu Hrundar Einarsdóttur

Dags. 5. maí 2025
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2025-0128

Með erindi dags. 7. apríl sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um mat á umhverfisáhrifum vegna áforma Laxeyjar hf. Að stækka landeldsisstöð sína í Viðlagafjöru í Vestmannaeyjum.

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemd við matsáætlun þessa.

Virðingarfyllst,
fh. Veðurstofu Íslands



Hlíf Sævarsdóttir
Sérfræðingur á rekstrarsviði



Skipulagsstofnun

Jóhanna Hrund Einarsdóttir

Borgartún 7b

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 5.5.2025

Málsnúmer: 202504-0018

IAS

Efni: Stækkun landeldisstöðvar í Vestmannaeyjum, matsáætlun.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dagsett 7. apríl 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsáætlun vegna stækkunar landeldisstöðvar í Vestmannaeyjum.

„Fyrirtækið Laxey hf. (áður Icelandic Land Farmed Salmon) hefur sótt um leyfi fyrir landeldi á 7.000 tonna hámarks lífsmassa laxfiska á ári í Vestmannaeyjum eða um 11.500 tonna áætlaðri árlegri framleiðslu. Fyrirtækið hyggst stækka landeldisstöð sína og sækja um leyfi fyrir allt að 22.000 tonn af hámarks lífsmassa eða áætlaðri framleiðslu um 42.000 tonn laxfiska á ári. Fiskeldið stendur við Viðlagafjöru sem staðsett er austarlega í Heimaey. Áætlað er að meðal standandi lífmassi verði um 20.000 tonn og hámarks lífmassi sé 22.000 tonn.

Laxey hefur einnig sótt um leyfi fyrir því að ala seiði í seiðaeldisstöð í botni Friðarhafnar. Núverandi leyfi áætlað að hámarks lífmassi seiðaeldis geti verið allt að 200 tonn. Áform eru um að reisa aðra seiðaeldisstöð en gert er ráð fyrir að hámarks lífmassi í nýrri seiðaeldisstöð verði allt að 300 tonn.

Áætluð vatnspörf framkvæmdar er $28 \text{ m}^3/\text{sek}$ af jarðsjó og er áætlað að framkvæmdin þurfi um 3 l/sek af ferskvatni. Framkvæmdaraðili hyggst búa til ferskvatn með RO-síun auk þess að fá umframvatn frá veitum bæjarins.“

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og telur hana gera grein fyrir helstu efnisatriðum er málið varðar en gerir eftirfarandi athugasemdir.

Framkvæmdasvæðið er að nær öllu leyti á röskuðu svæði þar sem efnistaka hefur verið stunduð um nokkurt skeið úr eldhrauni sem rann til sjávar í gosinu 1973. Svæðið er umkringt afar merkilegum jarðminjum sem hafa hátt verndargildi og landslag er að mörgu leyti einstakt hérlandis enda fáir staðir þar sem jafn nýleg hraun hafa flætt til sjávar. Svæðið er enda allt á náttúruminjaskrá. Þó svæðið sé raskað þá er efnistaka að mörgu leyti mun minna inngrip hvað varðar ákveðna náttúrufarsþætti eins og ásýnd, landslag, útivistargildi og jafnvel fuglalíf heldur en stórfelld uppbygging mannvirkja líkt og fylgir áætluðu fiskeldi. Möguleikar til endurheimtar afturkræfar röskunar t.d. á gróðri og dýralífi er einnig meiri á efnistökusvæði en á uppbyggingarsvæði. Taka þarf tillit til þessa eðlismunar á verðandi notkun svæðisins þegar kemur að mati á umhverfisáhrifum og þeirri breytingu sem verður á umhverfinu.

Greinargóð umfjöllun er um þá umhverfisþætti sem áætlað er að fjalla um í umhverfismatinu og hefur Náttúrufræðistofnun lítið út á það að setja.

Ekki er fyrirhugað að meta áhrif framkvæmdanna á jarðminjar og verndarsvæði en ljóst er að bæði stækkun fiskeldisins og seiðaeldi á nýjum stað munu þrengja að svæðum sem eru á náttúruminjaskrá



og hverfisvernduð. Þetta á sérstaklega við hverfisverndarsvæði HV-6, sem er á milli fiskeldisins og seiðaeldisstöðvar sem fyrirhugað er að reisa á gamla hitaveitusvæðinu, og HV-27 við Urðarvita. Að mati Náttúrufræðistofnunar er æskilegt að meta áhrif framkvæmdanna á þessi svæði.

Afar áriðandi er að möguleg áhrif á nálægt lífríki t.d. í fjörum verði vaktað og brugðist við ef frávik verða frá hreinsun fráveitunnar. Æskilegt er að skilgreindar séu vöktunar- og viðbragðsaðgerðir í frummatsskýrslunni varðandi viðtakann.

Jákvætt er að fylgst verið með áhrifum á fuglalíf sér í lagi lundapysjur en einnig þarf að huga vel að skrofum og svölum. Í Vestmannaeyjum eru stærstu lundavörp landsins og eina varpsvæði skrofu á Íslandi og eru stærstu vörpin í nágrenni við framkvæmdasvæðið, þ.e. í Ystakletti, Elliðaey og Bjarnarey. Þá eru stór vörp bæði sjósvölu og stormsvölu í Elliðaey og Bjarnarey. Þekkt er að ungar allra þessara tegunda eiga það til að glepjast af ljósum og lenda í hrakningum og því þarf að halda ljósmengun í lágmarki. Þá er æskilegt að svæðið verði vaktað á ungatíma, frá ágúst byrjun og út nóvember, og þeim ungum sem fljúga inn á svæðið verði komið til sjávar. Þá þarf einnig að vakta annað fuglalíf reglulega á svæðinu því eins og kemur fram í matsáætluninni getur fiskeldi laðað að fuglalíf, einkum máfa en einnig aðrar tegundir. Gæta skal þess að aðgerðir sem miðast að því að fæla burt fugla valdi þeim ekki skaða.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

Hafnarfirði, 5.5.2025
MFRI: 2025-04-0189

Umsögn Hafrannsóknastofnunar um matsáætlun Laxeyjar hf. um fyrirhugaða stækkun landeldisstöðvar í Vestmannaeyjum

Vísað er í beiðni Skipulagsstofnunar, dagsett 7. apríl 2025, um umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna matsáætlunar Laxeyjar hf. vegna stækkunar landeldisstöðvar í Vestmannaeyjum. Óskað er athugasemda um hvernig framkvæmdaraðili hyggist vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar.

Laxey hf. hyggst stækka landeldisstöð sína í Viðlagafjöru, Vestmannaeyjum. Núverandi leyfi framkvæmdaraðila er fyrir 7.000 tonna hámarkslífmassa en áformin snúast um að auka hámarkslífmassa í 22.000 tonn á ári. Reiknað er með að ársframleiðsla eldis í fullum afköstum geti orðið allt að 42.000 tonn á ári.

Í kafla 4.3 um eldisáætlun og líffræðilega rekstrarþætti kemur fram að viðhalda þéttleika undir 75 kg/m^3 . Samkvæmt reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagardýra, kemur fram í kafla IV 14. gr. að miða skuli við að ásetning í áframeldi í laxeldi fari ekki yfir 25 kg/m^3 en fyrir bleikju 70 kg/m^3 . Við viljum benda á að sú tala sem gefin er upp fyrir lax hlýtur að miðast við lax í sjókvíum, því almennt hefur verið miðað við meðal ásetningu um 50 kg/m^3 og að hámarki 75 kg/m^3 eins og tilgreint er í matsskýrslu.

Í kafla 4.10 er fjallað um varnir gegn slysasleppingum og er sú umfjöllun og úrræði fullnægjandi mati Hafrannsóknastofnunar.

Hafrannsóknastofnun gerir því ekki athugasemdir.

F.h. Hafrannsóknastofnunar



Ragnar Jóhannsson

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

5. maí 2025
UOS2504083/A.P.

Efni: Umsögn – Matsáætlun – Stækkun landeldisstöðvar – Laxey hf. Vestmannaeyjum

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 7. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um ofangreinda matsáætlun.

Starfsemin og breyting á henni er háð starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og nýtingarleyfi stofnunarinnar skv. lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingar á auðlindum úr jörðu.

Framkvæmdarlýsing

Laxey hf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) starfrækir landeldisstöð í Viðlagafjöru í Vestmannaeyjum með að hámarki 7.000 tonna lífmassa en stefnir á að auka þá framleiðslu upp allt að 22.000 tonna lífmassa. Heildarframleiðsla á ári fer þá úr 11.500 tonnum í 42.000 tonn. Einnig er fyrirhugað að reisa nýja seiðaeldisstöð með 300 tonna lífmassa en fjallað verður nánar um staðsetningu hennar í umhverfismatsskýrslu.

Við fullan rekstur mun stöðin samanstanda af 48 eldiskerjum og 30 sveltukerjum. Áætluð vatnspörf miðað við fullan rekstur er 28 m³/sek (28.000 l/sek) af jarðsjó og 3 l/sek af ferskvatni. Reiknað er með að þörf sé á 74 borholum til að anna vatnspörf eldisins. Áætluð raforkupörf er 20 MW.

Mat á umhverfisáhrifum

Fram kemur að í umhverfismati verði lagt mat á umhverfisþættina grunnvatns- og jarðsjávarstrauma, viðtaka og lífríki í viðtaka, loftslag og landslag og ásynd. Ekki verður fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir og verndarsvæði, gróður og vistgerðir, fugla, fornleifar, lyktarmengun, strok og erfðablöndun. Fyrirhugað er að bera saman tvo valkosti m.t.t. tækni til endurnýtingar á jarðsjó.

Umhverfis- og orkustofnun hefur farið yfir og metið ofangreinda matsáætlun og gerir eftirfarandi athugasemdir:

Úrgangur

Dauðfiskur, slóg og annar úrgangur frá slátrun verður unninn í meltu og síðan fluttur til sérhæfðrar vinnslu innanlands eða erlendis. Gert er ráð fyrir því að myndun þurrkaðrar fiskiseyru verði 4.700 tonn á ári. Í matsáætlun kemur fram að vinnsluhúsnæði fyrir fiskimykju/seyru verði byggt þar sem efnið verði nýtt á bestan hátt ýmist til frekari áburðargerðar eða orku og lífkola. Nánar verður fjallað um meðhöndlun og geymslu seyru í umhverfismatsskýrslu.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að nú þegar hefur landeldisfyrirtækjum hér á landi reynst erfitt að finna farveg fyrir þann úrgang sem krafist er að fyrirtækin sía frá úr frárennsli áður en því er veitt í viðtaka, þ.e. fiskiseyruna. Stofnunin telur gríðarlega mikilvægt að fjallað verði um raunhæfa kosti í tengslum við meðhöndlun úrgangs í umhverfismatsskýrslu og leggur því til að úrgangsmyndun og ráðstöfun úrgangs verði sérstakur matsþáttur í umhverfismatsskýrslunni. Gera þarf ítarlega grein fyrir þeim möguleikum sem eru fyrir hendi til að lágmarka myndun úrgangs frá landeldinu, hvernig hægt sé að stuðla að endurnýtingu úrgangs eða förgun og þeim umhverfisáhrifum sem stafa af mismunandi fyrirkomulagi hvað það varðar. Ein meginforsenda þess að hægt sé að fara í framleiðslu af slíku umfangi sem hér er fjallað um er að lausn finnist á því hvernig fiskiseyran verði meðhöndluð. Stofnunin telur afar jákvætt og í raun nauðsynlegt að endurnýtingarmöguleikar séu skoðaðir en fiskiseyra er næringarrík og inniheldur m.a. fosfór, nitur og kolefni, sem nýta má t.a.m. til áburðar- eða orkuvinnslu.

Rekstraraðila verður gert að vera með skýra áætlun um meðhöndlun úrgangs samkvæmt starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar.

Grunnvatn

Áætluð vatnspörf framkvæmdar er um 28 m³/sek af jarðsjó og mun fyrirhuguð vatnstaka fara fram í grunnvatnshlotinu *Eldfell* (nr. 103-242-G). Vatnshlotið hefur ekkert skráð álag. Ferskvatn er af skornum skammti í Vestmannaeyjum og áformar rekstraraðili að framleiða um 500-800 m³ á dag af ferskvatni með svokölluðum RO-síum. Umhverfis- og orkustofnun telur mikilvægt að fjallað verði nánar um endurnýtingu vatns í umhverfismatsskýrslu.

Fram kemur að til að meta áhrif framkvæmdarinnar á umhverfisþáttinn grunnvatns- og jarðsjávarstrauma verði stuðst við minnisblöð og skýrslu Vatnaskila. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að það þarf að auki að vinna mat á áhrifum vatnstökunnar á grunnvatn samkvæmt leiðbeiningum stofnunarinnar¹ þar sem athugað er hvort framkvæmdin kunni að valda því að umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins *Eldfells* (nr. 103-242-G) náist ekki. Æskilegt er að matið sé unnið sem hluti af umhverfismati.

¹ [Umhverfisstofnun | Áhrifamat fyrir vatnshlot](#)

Frárennsli og viðtaki

Líkt og kemur fram í matsáætlun verður fráveituvatn hreinsað með tromlufilterum en stefnt er að allt að 75% endurnýtingu eldisvatns. Þá kemur fram að vatn frá sláturhúsi er dauðhreinsað í klórkerfi og leitt í fitugildru áður en því verður veitt í viðtaka.

Viðtaki fráveituvatns frá fiskeldinu er strandsjávarhlotið *Dyrhólaey að Þorlákshöfn* (nr. 103-1342-C). Fram kemur að unnið verði líkan til að áætla dreifingu næringarefna sem eftir verða í fráveituvatni að hreinsun lokinni. Að auki kemur fram að unnið verði mat á áhrifum sem losun fráveituvatns getur haft á líffræðilega, efna- og eðlisefnafræðilega gæðapætti vatnshlotsins og hvort áhrifin geti leitt til þess að umhverfismarkmið vatnshlotsins náist ekki. Fjalla þarf um losun bæði næringarefna og mögulegra annarra efna sem notaðar eru t.d. við þrif í stöðinni og áhrif þeirra á gæðapætti strandsjávar. Umhverfis- og orkustofnun telur afar jákvætt að mat á áhrifum á vatnshlot verði unnið samkvæmt leiðbeiningum stofnunarinnar og sem hluti af umhverfismatsferlinu.

Loftslag

Í matsáætlun kemur fram að fjallað verði um áhrif framkvæmdarinnar á loftslag. Þá kemur einnig fram að nýting fiskimykju til áburðargjafar til að rækta upp land geti einnig stuðlað að bindingu kolefnis og þannig vegið upp á móti neikvæðum áhrifum á loftslag. Umhverfis- og orkustofnun telur mikilvægt að í umhverfismatinu séu skoðaðir mismunandi möguleikar á nýtingu fiskimykjunnar og kolefnissporið sem fylgir þeim.

Gert er ráð fyrir töluverðum flutningum aðfanga að stöðinni og afurða og úrgangs frá bryggjunni eða allt að 67 ferðum flutningsbíla með eftirvagna á viku um svæðið eða tæplega 10 ferðir á dag. Umhverfis- og orkustofnun telur að fjalla þurfi um flutninga í umhverfismatskýrslu, m.a. í tengslum við áhrif á loftslag.

Fuglar

Fram kemur í matsáætlun að svæðið sé líflaust af fuglum, gróðurþekja og æti sé lítið, svæðið sé vindasamt og fjaran sé stórgrýtt og henti vaðfuglum illa. Ekki hafa farið fram séstakar fuglaathuganir að sumri í Viðlagafjöru.

Umhverfis- og orkustofnun telur þó mikilvægt að fjallað verði um áhrif eldisins á fuglalíf. Svæðið er, líkt og kemur fram í matsáætluninni, mikilvægt varpsvæði sjófugla, m.a. fugla sem er svo til eingöngu að finna í Vestmannaeyjum. Svæðið hefur verið skilgreint sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði samkvæmt viðmiðum Alþjóðlegu fuglaverndarsamtakanna. Með stækkun eldisins eykst losun næringarefna út í sjó sem getur leitt til fjölgunar tiltekinna fuglategunda.

Lykt

Fram kemur að lyktaruppsprettur verði helst í mykju- og úrgangstönkum. Eftir síun verður fiskimykjan geymd í mykjutönkum innan lóðar áður en hún verður sótt til frekari meðhöndlunar. Rekstraraðili telur ólíklegt að lykt berist yfir bæinn vegna m.a. staðsetningar stöðvarinnar. Þó

sé ekki hægt að útilkoa að lykt berist til þéttbýlisins ef veður er stillt og vindátt óhentug. Umhverfis- og orkustofnun telur að fjalla ætti um umhverfispáttinn lykt í tengslum við úrgangsmál. Ef ekki finnst farvegur fyrir úrganginn þá situr rekstraraðili uppi með úrganginn sem mun hafa áhrif á lykt og getur valdið lyktarópægindatilvikum.

Vísað er í fyrra umhverfismat þar sem m.a. var áætlað að dreifa fiskimykju á land í Vestmannaeyjum. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að þar sem ræktarlegt land sé af skorum skammti í Eyjum sé mikilvægt að fjalla um vinnslu, geymslu og flutning á úrgangi með tilliti til lyktarmengunar.

Samantekt

Umhverfis- og orkustofnun hefur farið yfir fyrirbyggjandi matsáætlun og dregur hér saman athugasemdir stofnunarinnar og hnykkir á eftirfarandi atriðum.

- Framkvæma þarf ítarlegt mat á áhrifum framkvæmdarinnar á grunnvatnshlot og viðtaka fráveituvatns frá fiskeldinu í samræmi við leiðbeiningar stofnunarinnar um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot sem hluta af umhverfismatinu.
- Fjalla þarf um myndun og nýtingu fiskiseyru sem sérstakan matspátt með tilliti til umhverfisáhrifa mismunandi nýtingarleiða.
- Mat á loftslagsáhrifum framkvæmdarinnar ætti m.a. að taka inn flutning aðfanga, afurða og úrgangs til og frá stöðinni en einnig áhrif mismunandi leiða við ráðstöfun á fiskiseyru.
- Umhverfis- og orkustofnun telur að fjalla ætti um umhverfispáttinn lykt í tengslum við úrgangsmál.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir

sérfræðingur

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur



Austurvegur 65a - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

Selfossi, 5. maí 2025
2504052HS SHJ

Efni: Stækkun landeldisstöðvar í Vestmannaeyjum, nr. 0486/2025 - Umsögn um kynningu matsáætlunar

Þann 7. apríl sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina, þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um kynningu matsáætlunar vegna fyrirhugaðrar stækkunar landeldisstöðvar Laxeyjar hf. í Vestmannaeyjum.

Um er að ræða stækkun fiskeldisstöðvar úr 7.000 tonna hámarks lífmassa á ári í allt að 22.000 tonna hámarks lífmassa (úr 11.500 tonna ársframleiðslu í 42.000 tonna ársframleiðslu) og stækkun seiðaeldis úr 200 tonnum í allt að 300 tonna hámarks lífmassa. Mun eldisstöðin samanstanda af 48 eldiskerjum og 30 sveltikerjum við fullan rekstur. Raforka kemur frá dreifikerfi Landsnets og er áætluð orkuþörf um 20 MW. Einnig verða varaafsstöðvar til staðar til að bregðast við truflunum á afhendingu rafmagns. Áætluð vatnsþörf framkvæmdarinnar er um 28 l/sek af jarðsjó og um 3 l/sek af ferskvatni en framkvæmdaraðili gerir ráð fyrir að framleiða ferskvatn með RO-síun auk þess að fá umframvatn frá veitum sveitarfélagsins. Reiknað er með að þörf sé á allt að 74 borholum til að anna vatnþörf eldisins, en aðalvalkostur framkvæmdarinnar felst í svokölluðu Hybrid flow-through kerfi sem býður upp á allt að 75% endurnýtingu á vatni. Valkostur 2 er svokallað Flow-through kerfi án endurnýtingar á vatni.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda kynningu matáætlunar fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir við hana sem slíka. Embættið telur að áætlunin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og þeim umhverfisþáttum og valkostum sem matið skal taka til. Þá gerir embættið ekki athugasemdir við hvernig til stendur að vinna úr gögnum til að meta umhverfisáhrif, né heldur fyrirhugaða framsetningu þeirra í umhverfismatsskýrslu.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur ekki með höndum neinar leyfisveitingar vegna fiskeldisstöðva, en embættið veitir starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. jarðborun, efnisnámi, fyllingu þar sem hentugur úrgangur sem ekki er spilliefni er nýttur á tæknilegan hátt við landmótun og eftir atvikum verktakaaðstöðu skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



Vestmannaeyjabær

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Vestmannaeyjar, 5. maí 2025
202505012 dh

Efni: Umsögn Vestmannaeyjabæjar – Matsáætlun vegna stækkunar landeldisstöðvar Laxeyjar hf. í Viðlagafjöru í 42.000 tonna árlegrar framleiðslu

Erindi barst frá Skipulagsstofnun þann 7. apríl 2025, varðandi umsögn Vestmannaeyjabæjar við matsáætlunar Laxeyjar hf. vegna stækkunar landeldisstöðvar fyrirtækisins í Vestmannaeyjum. Fiskeldið stendur við Viðlagafjöru sem staðsett er austarlega í Heimaey. Óskað er umsögn varðandi um hvernig framkvæmdaraðili hyggist vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat, framsetningu umhverfismatsskýrslu eða ef á skortir, hvaða atriðum gera þurfi frekari skil.

Framkvæmdaraðili hefur þegar sótt um leyfi og lokið umhverfismati vegna 7.000 tonna hámarks lífsmassa laxfiska á ári í Vestmannaeyjum eða um 11.500 tonna áætlaðri árlegri framleiðslu og hyggst nú stækka landeldisstöð sína og sækja um leyfi fyrir allt að 22.000 tonn af hámarks lífsmassa eða áætlaðri framleiðslu um 42.000 tonn laxfiska á ári. Við fullan rekstur mun stöðin samanstanda af 48 eldiskerjum og 30 sveltukerjum. Áætluð vatnspörf miðað við fullan rekstur er um 28 m³ /sek og er reiknað með að þörf sé á 74 borholum til að anna vatnspörf eldisins. Áætluð raforkuþörf um 20 MW. Laxey hefur einnig hafið starfsemi seiðaeldisstöðvar með allt að 200 tonna hámarkslífsmassa í botni Friðarhafnar. Áform eru um að reisa aðra seiðaeldisstöð þar sem gert er ráð fyrir að hámarks lífmassi verði allt að 300 tonn. Framkvæmdaraðili hyggst búa til ferskvatn með RO-síun auk þess að fá umframvatn frá veitum bæjarins.

Valkostir

Í matsáætlun eru tilgreindir tveir valkostir sem bornir verða saman í umhverfismatsskýrslu er varða aðferðir til endurnýtingar á sjó sem notað er í fiskeldiskerjum. Í umfjöllun í matsáætlun er þó lítið rætt um valkostina og hvernig þeir tengist áhrifaþáttum umhverfismatsins eða hvernig þeir verði bornir saman. Einnig kemur fram að tvær staðsetningar séu til skoðunar fyrir 4.000 m² seiðaeldisstöð, annaðhvort í Viðlagafjöru (Valkostur 1) eða á athafnasvæði AT-2 (Vakostur 2). Framkvæmdaraðili hefur hafið samtal við sveitarfélagið varðandi staðsetningarval fyrir seiðaeldisstöð. Óljóst er í framsetningu hvort að yfirbyggð kerjahús séu einnig valkostur sem fylgi vali á staðsetningu seiðaeldisstöðvar. Það er, eru yfirbyggð kerjahús við seiðaeldi valkostur?



Samræmi við skipulag

Fram kemur að fyrirhuguð framkvæmd sé í samræmi við núgildandi aðalskipulag. Rýna þarf forsendur aðalskipulags fyrir landnotkunarreit I-3 miðað við fyrirbyggjandi framleiðsluaukningu. Fram kemur að möguleg staðsetning seiðaeldisstöðvar í Viðlagafjöru sé innan núverandi lóðar Laxeyjar. Það er ekki rétt heldur er svæðið á reit þar sem tímabundið leyfi hefur verið veitt vegna uppsetningar mannvirkja fyrir mótuneyti.

Valkostur 1 vegna seiðaeldisstöðvar og yfirbyggð kerjahús við stöðina eru utan við landnotkunarreit I-3. Verði Valkostur 1 fyrir valinu verður nauðsynlegt að gera breytingu á landnotkunarreit I-3 í Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035.

Svæðið er einnig nýtt til sandtöku. Þó dregið hafi úr umfangi hennar er mikilvægt að samþykki vegna breytinga á landnotkun liggja fyrir af hálfu Vestmannaeyjabæjar.

Breyta þarf deiliskipulagi í Viðlagafjöru vegna aukins framleiðslumagns og setja skilmála um byggingarmagn á lóð 2 sem hefur ekki verið skilgreint.

Sameiginleg skipulagslýsing hefur verið gerð fyrir breytingu á Aðalskipulagi Vestmannaeyja fyrir landnotkunarreit AT-2 og fyrir gerð deiliskipulags svæðisins. Vinna við gerð skipulagsáforma fyrir svæðið er í vinnslu. Þar hefur Laxey hf. verið heitið forgangi allt að 2 hektara svæði á suðurenda reitsins.

Jarðefni

Jarðefnum er gerð lítil greinarskil í umfjöllun matsáætlunar en jarðefni eru eðli málsins samkvæmt takmörkuð auðlind á Heimaey.

Talað er um að nota aðeins efni innan svæðisins, innan svæðisins er bögglaberg sem var lagrað við upphaflega framkvæmt og er mikilvægt að nota sparlega fyrir uppbyggingu í Eyjum.

Töluvert magn af sandi þarf til að steypa upp fyrirhuguð eldisker. Varðandi sand er mikilvægt að það komi fram hvar hann á að fá og hvert er fyrirhugað magn. Ef að sandurinn á að koma frá Eyjum þarf að koma fram hvar hann verður fenginn. Ef það á að flytja sandinn til Eyja þarf að tilgreina þá innviði eða mannvirki sem eru forsenda fyrir þeim efnisflutningum?

Í umhverfismati er óskað eftir nánari umræðu um jarðefni og magntöku helstu jarefna tegunda.

Viðtaki

Ljóst er að fyrirhuguð framleiðsluaukning mun auka losin í viðtaka við Viðlagafjöru. Þó að sjávarstraumar séu sterkir við losunarstaðin er tilefni til að skoða þynningu efna og hvert þau berast.



Vestmannaeyjabær

Þó að fuglalíf sé lítið í Viðlagafjöru þá er ljóst að fuglalíf er mikið í sjónum út undan fjörunni og í nálægum úteyjum. Þá er t.d. spurning hvort hætta sé á að næringarefni berist í minni Vestmannaeyjahafnar.

Vestmannaeyjabær fagnar því að gera eigi líkan sem sýni þynningu fráveitu. Einnig væri spurning hvort gagnlegt væri að afla líkans að sjávarstraumum og mögulegum burði efnanna.

Ásýnd

Þó að Viðlagafjara sé raskað svæði eru sjónrænar ásýndir sem framkvæmdasvæðið liggur á sýnilegir frá vinnsælum ferðamanna og áningarstöðum. Frá Eldfelli er m.a. stórfenglegt útsýni þar sem horft er yfir framkvæmdasvæðið og út á sjó þar sem má horfa til Elliðareyjar og Bjarnareyjar og norður til Eyjafjallajökuls.

Mannvirki í framkvæmdasvæðinu verða sýnleg frá Eldfelli og einnig líklega frá fyrirhuguðum útssýnisstað á Eldfellshrauni sem er hluti af listaverki Ólafs Elíassonar í tilefni þess að 50 ár eru liðin frá lokum Heimaeyjargossins.

Mikilvægt er að ásýnd frá þessum stöðum sé metin og að tilgreindar séu mótvægisáðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum á ásýnd.

Fiskimykja

Fyrirhuguð meðferð fiskimykju er ekki tilgreind í matsáæglun. Við gerð umhverfismats er mikilvægt að fyrirliggi aðferð við meðferð fiskimykju sem felur í sér ásættanleg umhverfisáhrif.

Vatnstaka

Mikilvægt að meta áhrif á svo mikilli nýtingu á grunnvatni, eða jarðsjó og meta áhrif fyrir aðra aðila sem nýta jarðsjóinn. Vestmannaeyjabær fagnar því að gert verði líkan til að bæta upplýsingar og þekkingu um grunnvatnslögin sem eru mikilvæg auðlind fyrir atvinnustarsemi samfélagsins. Mikilvægt er að skilgreina vöktun vatnstökunnar á magn og gæði grunnvatnsins.

Virðingarfyllst,


Dagný Hauksdóttir
Skipulags- og umhverfisfulltrúi

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 7. maí 2025
Tilv. 2025-04-07-0342

Efni: Varðar umsagnarbeiðni vegna stækkunar á landeldisstöð í Vestmannaeyjum

Í bréfi dagsettu 7. apríl 2025 leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi hugsanlega matsskyldu framkvæmda sem varða fyrirhugaða stækkun landeldisstöðvar í Vestmannaeyjum. Málið er nú í kynningarferli og er nr. 486/2025.

Þeir áhættuþættir sem Fiskistofa horfir til vegna fiskeldisstarfsemi á Íslandi felast í mögulegum áhrifum af því ef fiskar sleppa frá fiskeldisstöð og til þess hvort líkur geti verið á því að sjúkdómar eða sníkjudýr í eldisfiski geta smitað villta fiska og haft áhrif á viðkomu stofna þeirra.

Ef fiskar sleppa úr fiskeldisstöð geta þeir valdið neikvæðum vistfræðilegum áhrifum á ef þeir berast í náttúruleg kerfi. Það er því mikilvægt að hugað verði sérstaklega að því að affall frá stöðinni sé útbúið á þann hátt að líkur á því að fiskar sleppi séu litlar. Í skýrslunni kemur fram að fyrsta vörnin gegn slyasleppingum felist í stálristum í eldiskörum sem framkvæmdaraðili muni leggja áherslu á að viðhalda og hafa reglulegt eftirlit með. Seinni vörnin felist í svokallaðri fiskigildru sem staðsett er í frárennsli stöðvarinnar en ef svo ólíklega vildi til að lax slyppi fram hjá stálristum í eldiskörum, varnaði fiskigildran því að lax slyppi. Fiskigildran sé hönnuð í samráði við MAST og UST (í dag Umhverfis- og Orkustofnun) og samþykktu stofnanirnar hönnunina. Að þessu gefnu telur Fiskistofa að litlar líkur séu á því að fiskar muni berst frá stöðinni í náttúruleg vistkerfi laxfiska.

Þar sem um landeldi er að ræða er ekki mikil hætt á að smit berist í villta stofna og hægt að bregðast við ef sjúkdómar koma upp í eldisstöðinni og varna því að smit berist frá stöðinni.

Virðingarfyllst,
F.h. Fiskistofu



Hera K. Aradóttir
Sérfræðingur lax- og silungsveiðisviðs

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

**Rýni Vegagerðarinnar á matsáætluninni Stækkun landeldisstöðvar í Vestmannaeyjum – 42.000 tonna eldi á ári.**

Tilvísun í mál: 486/2025

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar matsáætlun vegna fyrirhugaðrar stækkunar landeldisstöðvar í Vestmannaeyjum, dags. 4. apríl 2025.

Vegagerðin hefur rýnt matsáætlunina á grundvelli 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum.

Í matsáætluninni *Stækkun landeldisstöðvar í Vestmanneyjum* kemur fram að fyrirhugað er að stækka landeldisstöðina um 42.000 tonna framleiðslu á ári. Núverandi leyfi heimilar hámarks lífmassa upp í allt að 7.000 tonnum en eftir stækkun verði hámarks lífmassi í stöðinni allt að 22.000 tonn í fullum rekstri. Einnig eru áform um að reisa aðra seiðaeldisstöð á athafnarsvæði vestan við Viðlagafjöru þar sem hámarks lífmassi verði allt að 300 tonn.

Vegagerðin telur mikilvægt að í umhverfismatsskýrslu sé ítarlega fjallað um umferð tengda uppbyggingu og reksturs fiskeldisins. Í umhverfismatsskýrslu þurfi að liggja mat á umferðarsköpun og möguleg áhrif á framkvæmda- og rekstartíma og hvort grípa þurfi til aðgerða til að styrkja vegi eða aðrar breytingar til að tryggja öryggi vegfarenda. Enn fremur er æskilegt að gera grein fyrir umferðarsköpun á Hringveginum og aukningu á umfangi flutninga með Herjólfu.

Ekki er fjallað um áhrif framkvæmdanna á öryggi siglinga í matsáætlun. Í umhverfismatsskýrslu ber að gera grein fyrir áhrifum á öryggi siglinga við Vestmannaeyjar, sér í lagi áhrifum á ljósgeisla Urðarvita.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar

Undirskrift

Hólmfríður Bjarnadóttir

Síða 1/1

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Gardabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavarðarsvið Suðurgötu
39 101 Reykjavík
(354) 570 13 14
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 15. maí 2025
Mf202504-0066/ 6.07 / Þ.H.

Efni: Stækkun landeldisstöðvar í Vestmannaeyjum (nr. 0486/2025) - Kynning matsáætlunar.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið erindi Skipulagsstofnunar í Skipulagsgáttinni, þar sem óskað er eftir umsögn um matsáætlun vegna áforma Laxeyjar hf um að stækka landeldisstöð sína við Viðlagafjöru í Vestmannaeyjum. Við stækkunina fer leyfi fyrir landeldi úr 7000 tonna hámarks lífmassa á ári upp í 22.000 tonn á ári, eða áætlaðri framleiðslu á um 42.000 tonn laxfiska á ári. Auk þess eru áform um að reisa nýja seiðaeldisstöð vestan Viðlagafjöru og kemur til viðbótar þeirri sem rekin er í Friðarhöfn. Með þessu er seiðaeildið aukið úr 200 tonna lífmassa á ári í 300 tonn. Matsáætlun er unnin af Eflu ehf, *Stækkun landeldisstöðvar í Vestmannaeyjum – 42.000 tonna eldi á ári*, dagsett 4. apríl 2025.

Allt fyrirhugað framkvæmdassvæði, sbr. bls 25 í matsáætlun, er í nýju hrauni sem rann í Heimaeyjargosinu 1973. Þar er því ekki að vænta neinna fornleifa. Minjastofnun Íslands hefur ekki athugasemdir við matsáætlunina.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands

Þór Ingólfsson Hjaltalín
Sviðstjóri minjavarðasviðs

Þór Hjaltalín
Sviðsstjóri
thor@minjastofnun.is